

D.W.  
1973.

Fiskifræðileg athugun á nokkrum vötnum á Auðkúluheiði 1972

6. - 7. ágúst safnaði Tumi Tómasson nokkrum gögnum frá vötnum á heiðinni. Nú hef ég unnið úr sýnum og öðrum upplýsingum, sem fengust, og tekið saman helztu atriði sem skifta máli.

Heildarútkoman er sú, að fiskurinn er yfirleitt mjög gamall og staðnaður í vexti. Það þarf því að yngja fiskstofnana upp með aukinni veiði og fá þannig fram betri matfisk.

Annars er nánar fjallað um slíkt í sambandi við hvert einstakt vatn.

Mjóavatn

Eingöngu veiddist bleikja, virtist vera mikið magn af henni. Við aldursgreiningu kemur í ljós, að hún hättir að mestu að vaxa er hún hefur náð 6 ára aldri og um 30 cm að lengd. Nauðsynlegt virðist að auka veiðina verulega, og mun þá fiskurinn fara stækkandi er frá líður. Margt bendir til þess að Mjóavatn geti orðið mjög gott veiðivatn, ef nægileg veiði verði stunduð í því. Hæfileg árleg veiði ætti að vera 2000-3000 fiskar af þeirri stærð sem nú er algengust (3 í kílóíð). Heppilegasta möskvastærðin er 22 möskvar/alín (29 mm á legg) og 20 möskvar/alín (32 mm á legg) (1<sup>1</sup>/<sub>4</sub> tomma).

### Þrístikla

Vatnið er aðdjúpt og því erfitt fyrir ókunnuga að leggja þar net, enda fengust aðeins þrír fiskar, allt bleikjur.

36.5 cm fiskur var 9 ára, 35.5 cm fiskur var 11 ára.

Þetta bendir til stöðnunar í vexti við ca 35 cm lengd. Frekari reynsla verður að skera úr um fiskmagn, heppileg möskvastærð er 1 1/4 tomma á legg.

### Gilsvatn

Mjög mikið af smáfaxinni bleikju er í vatninu, og ber að veiða eins mikið af henni og hægt er, til þess að auka á gæði hennar.

Stóri urriðinn, sem fékkst, nær stærð sinni með því að éta bleikjuna. Það er óhagkvæmt að þurfa að nýta vötn á þennan hátt, því til þess að þyngjast um eitt kg þarf urriðinn að éta 10 kg af bleikju. Bezt væri því að geta nýtt bleikjuna beint sem matfisk, en til þess þarf að veiða mjög mikið af henni til þess að halda fjöldanum í skefjum.

Heppileg möskvastærð fyrir bleikju af þeirri stærð sem er í vatninu í dag, er 24 möskvar/alín (26 mm á legg).

### Eystra Friðmundarvatn

Aflinn í 4 net varð 9 bleikjur og 3 urriðar eftir nóttina. Það er því erfitt á þessu stigi að segja nokkuð um fiskmagn, en aldursgreining sýnir að flestar bleikjurnar eru mjög gamlar með staðnaðan vöxt.

Urriðinn vex hratt upp í ca 40 cm, en þá dregur mjög úr vexti hans. Þetta bendir til þess að talsvert sé af 34-40 cm fiski í vatninu og er ekki að efa að aukin veiði myndi yngja upp stofninn og þar með gefa fiskinum fjörkip.

Besta möskvastærðin myndi vera 18 möskvar/alín (35 mm á legg).

Ef óskað er þá mun ég veita leiðbeiningar í sambandi við kaup á netum, fjölda þeirra, verð o.s.frv.

Með kveðju,

---

Jón Kristjánsson  
fiskifræðingur.